



Gunnar Einarsson, bæjarstjóri

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Móttöfngs.	13.02.2017
Málalýðill	00.10.1
Mál nr.	1702200

Reykjavík 7.febrúar 2017

Efni: Beiðni um styrk vegna málþinga um heilabilun

Alheimersamtökin hyggjast koma á fót námi í heilabilunarráðgjöf á Íslandi. Námið verður sérhæfing fyrir fagaðila úr ýmsum stéttum sem starfa með fólki með heilabilun. Í nágrannalöndum okkar hefur verið boðið upp á nám af þessum toga til fjölda ára. Starfshópur á vegum Alheimersamtakanna sótti í október 2016 tveggja daga ráðstefnu í Osló sem bar heitið *God demensomsorg, spörgsmál om ledelse* og fékk hópurinn þar gagnlegar upplýsingar sem unnið hefur verið út frá.

Markmið Alheimersamtakanna er meðal annars að gæta hagsmuna fólks með heilabilun og aðstandenda þeirra og miðla þekkingu sem víðast í samfélaginu um eðli heilabilunarsjúkdóma og hvernig lifa megi vel með heilabilun. Innleiðing menntunar á sviði heilabilunarráðgjafa er liður í að ná því markmiði.

Bæði alþjóðlegu og Evrópsku Alheimersamtökin hafa sent frá sér yfirlýsingar vegna skorts á fagþekkingu og þjónustuúrræðum í tengslum við heilabilun. Evrópsku samtökin sem Alheimersamtökin á Íslandi eru aðili að, vinna markvisst að því að sem flest Evrópuríki marki sér stefnu í málefnum fólks með heilabilun. Hér á landi er ekki til staðar slík stefna og er þörfin orðin mjög brýn.

Til að hefja umræðuna um nám í heilabilunarráðgjöf og þá um leið stefnumörkun hefur verið ákveðið að boða til röð málþinga um land allt á vordögum 2017 og óskum við hér með eftir fjárhagslegum stuðningi ykkar til þess. Endanleg fjárhagsáætlun liggur ekki fyrir en ljóst er að kostnaður verður 1.500.000 til 2.000.000 kr.

Málþingin verða haldin í Reykjavík, Akureyri, Egilsstöðum og Ísafirði og verður dagskráin svipuð á öllum stöðunum: m.a. erindi frá íslenskum heilabilunarráðgjafa sem starfar í Danmörku, innlegg frá aðstandenda, erindi frá doktorsnema, o.fl.

Elíza Reid forsetafrú er verndari Alheimersamtakanna og mun hún flytja ávarp á einni málstofunni auk þess sem vonast er eftir aðkomu menntamálaráðherra á fyrstu málstofuna.

Öllum er ljóst að eftir því sem aldurssamsetning vestrænna samfélaga breytist og fleiri ná hærri aldri munu fleiri veikjast af heilabilunarsjúkdómum. Þó má ekki gleyma að heilabilun er ekki eingöngu öldrunarsjúkdómur, stöðugt veikjast fleiri ungir vinnufærir einstaklingar af heilabilunarsjúkdómum og úrræði fyrir þennan hóp eru engin hér á landi.

Með aukinni þekkingu fagaðila á sjúkdómunum, munu gæði þjónustunnar aukast sem um leið auðveldar einstaklingum sem veikjast af heilabilun og aðstandendum þeirra að takast á við afleiðingar sjúkdómanna.

Við veitum að sjálfsögðu nánari upplýsingar sé þess óskað. Með von um góðar undirtektir,

Fh. Alheimersamtakanna

Sirry Sif Sigurlaugardóttir, fræðslustjóri
s.625-8626 | sirry@alzheimers.is

Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.03.2026